NOTKUN MERKISINS

Bæjarstjóri, framkvæmdastjórar og stofnanir Reykjanesbæjar noti merkið á bréfum, nafnspjöldum, í útgáfum, auglýsingum og til að auðkenna starfsemi bæjarins.

Önnur notkun

Byggðarmerki Reykjanesbæjar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur. Þegar byggðarmerki stendur með öðru merki skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar. Heiti vefsíðu Reykjanesbæjar eða vefslóðir undirstofnana eru staðsett undir texta í bláu letri. Einnig er hægt að setja þar inn slagorð.

Prentun á gler

Þegar merkið er sett á gler verður það að vera í hvítum lit. Vegna speglunar í gleri kemur hvítur litur betur út en blár litur.

Önnur merking

Umsóknir til Reykjanesbæjar um leyfi til þess að nota byggðarmerkið skulu berast kynningarstjóra og skal þeim fylgja sýnishorn eða uppdrættir af merkinu eins og á að nota það.

Byggingar

Allar byggingar sem hýsa starfsemi bæjarins skulu merktar með byggðarmerki og heiti viðkomandi starfsemi. Merkingar eru á ábyrgð þeirra sem reka fasteignir bæjarins. Merkingarnar skulu vera á áberandi stað til að auðvelda fólki að finna viðkomandi þjónustu.

Um merkingar í íþróttamannvirkjum gildir sérstök reglugerð sem hægt er að nálgast á vef bæjarins.

Merkið má nota hvít á eftirförnum litum.

Merkið má **ekki** setja á aðra litaða fleti eða dökkar ljósmyndir án þess að hafa hvítan flöt undir.

Blár grunnur

Svartur grunnur

LITIR MERKISINS

Blái liturinn í merki Reykjanesbæjar táknar himinn og haf og skal alltaf prentast þannig sé þess nokkur kostur.

Spot litur
Þegar prentað er í einum lit skal prenta sem hér segir:
Blár litur: Pantone 293 C

Procress litur
Þegar prentað er í fjórlit skal prenta sem hér segir:
100 cyan, 65 magenta, 0% yellow & 0% black

Spot svartur
Þegar prentað er í svörtum skal prenta sem hér segir:
svartur litur: Pantone Black C

Process svartur
Þegar prentað er í fjórlit skal prenta sem hér segir:
20 cyan, 30 magenta, 0% yellow & 100% black

Hér má sjá nokkrar útfærslur á merkinu. Hægt er að setja vefslóð, heiti stofnunar eða mismunandi slagorð við merkið í bláum lit.

X eða 1/4 stærð merkisins er minnsta auða svæðið sem skal vera umhverfis merkið.